

**Nd. 313. Frumvarp til laga [178. mál]**

um breyting á lögum nr. 17 10. febrúar 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

**1. gr.**

14. grein laganna orðist svo:

Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára og annan varaformann.

Ef bankaráðsmaður eða varamaður fellur frá eða verður óhæfur til starfsins, áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Þá skal og ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitja fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til, að komið verði sama fyrirkomulagi á skipan bankaráðs Framkvæmdabanka Íslands og lögleitt var varðandi Búnaðarbanka Íslands í júní s. l. Samtímis þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, þar sem gert er ráð fyrir, að bankaráð þeirra banka verði skipuð með sama hætti.

Þó er það frávik hér, að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu sitji fundi bankaráðsins og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdabankinn hefur með höndum ýmis mikilvæg störf fyrir fjármálaráðuneytið. Á þessi skipan að tryggja nægileg tengsl milli ráðuneytisins og yfirstjórnar bankans. Má og hér minna á, að þegar lög um Framkvæmdabankann voru sett 1953, var ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu samkvæmt 14. gr. þeirra laga sjálfkjörinn í bankaráðið.